

1981 nr. 77 1. október**Lög um dýralækna**¹⁾²⁾

¹⁾ Rg. 21/1983, um veitingu leyfis til dýralækninga. ²⁾ Falla úr gildi 1. janúar 1999 skv. l. 66/1998, 20. gr.

■ **1. gr.** Í lögum þessum eru þeir einir taldir dýralækna, sem lokið hafa prófum við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum, og sem hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem sett kunna að vera í því efni á hverjum tíma og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

■ **2. gr.** [Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastadahlreppur.

2. Reykjavíkurmæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsheppur, Kjálarneshreppur, Kjósarheppur.

3. Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarheppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.

4. Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtisdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðahreppur.

5. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðahreppur.

6. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadals-sýsla, Flateyjarheppur.

7. Dalaumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarheppi.

8. Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.

9. Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur.

10. Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.

11. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.

12. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.

13. Skagafjarðarumdæmi: Saudárkrókur, Skarðshreppur, Skeifilsstaðahreppur, Staðahreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur, Akrahreppur.

14. Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur, Siglufjörður.

15. Dalvíkurmæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hríseyjarheppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.

16. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarheppur, Öxnadalshreppur, Skriðahreppur, Arnarneshreppur.

17. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarheppur, Saurbæjarheppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarheppur, Hálshreppur.

18. Þingeyjarumdæmi vestra: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur vestan Fljótsheiðar.

19. Þingeyjarumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Kelduneshreppur.

20. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarheppur.

21. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarheppum, Skrið-

dalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.

22. Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarheppur, Stöðvarheppur, Breiðdalshreppur, Berunesheppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.

23. Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarheppur, Neskaupstaður, Helgustaðahreppur, Eskifjörður, Reyðarfjarðarheppur, Mjóafjarðarheppur. Íbúar hreppanna sunnan Oddsskarðs geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi nyrðra, ef þeir óska þess.

24. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.

25. Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarheppur, Leiðvallarheppur, Skaftártunguhreppur, Álftavershreppur.

26. Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.

27. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarheppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.

28. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúparhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur.

29. Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.

30. Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur.

31. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarheppur, Stokkseyrarheppur, Eyrarbyggjahreppur, Sandvíkurheppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

□ Skipting héraðsdýralæknisumdæma samkvæmt þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.]¹⁾

□ [Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

□ [Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralækna hafa búsetu.]²⁾

□ Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

□ Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralækna sem aflað hafa sér þekkingar að loknu dýralæknisprófi.]³⁾

¹⁾ L. 69/1982, 1. gr. ²⁾ L. 54/1989, 1. gr. ³⁾ L. 61/1985, 1. gr.

■ **3. gr.** [Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir og skal hann vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.]¹⁾

□ Hann skal hafa yfirumsjón með aðgerðum gegn smitsjúk-

dómum búfjár og innflutningi og útflutningi lifandi dýra- og búfjárafurða að því er varðar heilbrigði og hollustuhætti.

□ Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og annarra þeirra dýralækna sem læknisleyfi hafa.

¹⁾ L. 54/1989, 2. gr.

■ **4. gr.** Dýralæknar skulu hver í sínu umdæmi vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjárjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur, sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða.

□ Dýralæknar skulu gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem best við og gæta fyllstu samvisku-semi í öllum dýralæknisstörfum.

■ **5. gr.** [[Ráðherra skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma til fimm ára í senn.]¹⁾

□ Ráðherra skipar þrjú dýralækna í nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og gerir tillögur til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja. Einn nefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu yfirdýralæknis, einn eftir tilnefningu Dýralæknafélags Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

□ Dýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá²⁾ sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna og er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín en þar er kveðið á um.

□ Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum í því umdæmi.³⁾

¹⁾ L. 83/1997, 85. gr. ²⁾ Gjaldskrá 204/1990. ³⁾ L. 54/1989, 3. gr.

■ **6. gr.** Héraðsdýralæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði og annast sölu lyfja fyrir dýr, samkvæmt gildandi lögum og reglum um sölu lyfja.

□ Þeir eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravítjunum, þegar þess er leitað, nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum.

□ Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis, og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

□ Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf,¹⁾ sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

¹⁾ Erbr. 197/1971, 183/1978 og 127/1986.

■ **7. gr.** Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í búfé eða grunur um slíkan sjúkdóm í umdæmi héraðsdýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða tjóni, er af honum getur leitt. Hann skal tilkynna yfirdýralækni tafarlaust um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir.

□ Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

□ Landbúnaðarráðherra setur reglur¹⁾ að fengnum tillögum

yfirdýralæknis um meðferð helstu smitsjúkdóma búfjár og varnir gegn þeim.

¹⁾ Augl. 10/1964 (notkun matarleifa til skepnufóðurs); rg. 209/1966 (hundapest), 35/1967 (hringskyrfti), 226/1969 (búfjárseðing), 290/1980 (um varnir gegn hundaæði), 444/1982 (um loðdýrarækt og innflutning loðdýra), sbr. 340/1986. Rg. 251/1995 (smitsjúkdómar alifugla). Rg. 156/1987 (sæðingar loðdýra). Rg. 403/1986, sbr. 597/1989 og 148/1992 (um varnir gegn fisksjúkdómum o.fl.). Rg. 263/1991 (loðkaninurækt). Rg. 24/1994. Rg. 252/1995 (um hámark dýralýfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk). Augl. 117/1990 (varúðarráðstafanir vegna innflutnings á rotmassa til svepparæktar).

■ **8. gr.** Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturfé og sláturafurðum hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Í Reykjavík hefur yfirdýralæknir eftirlit þetta með höndum.

□ Þar sem dýralæknar geta ekki sjálfir annað heilbrigðiseftirliti þessu, skulu héraðslæknar eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðissskoðun sláturafurða, annast það undir stjórn og eftirliti viðkomandi héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknar safna árlega skýrslum frá þeim, sem heilbrigðissskoðun annast í umdæminu.

□ Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturfé og sláturafurðum, meðferð og geymslu sláturafurða, útbúnaði og þrifnaði í sláturhúsum, kjötrýstihúsum, kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum.¹⁾

¹⁾ Rg. 35/1986, sbr. 654/1989 (um mjólk og mjólkurvörur).

■ **9. gr.** Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa á búum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu með leiðbeiningum og á annan hátt leitast við að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölumjólkur.

□ Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta eftirlit samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Afrit af skýrslum þessum skal senda yfirdýralækni. Mjólkurbú skulu eiga greiðan aðgang að skýrslum þessum, sé þess óskað.

□ Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

■ **10. gr.** Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár hver í sínu umdæmi. Skýrslu um smitsjúkdóma skal gera mánaðarlega. Yfirlitsskýrslur um heilsufar og sjúkdóma og læknisaðgerðir skal semja og senda til yfirdýralæknis ár hvert fyrir 15. febrúar.

□ Úr skýrslum héraðsdýralækna skal árlega vinna og birta heildaryfirlit um heilsufar búpenings í landinu samkvæmt nánari fyrirætlum landbúnaðarráðherra.

■ **11. gr.** Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bág við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

□ Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningsaleyfi um tiltekinn tíma.

□ Nú telur yfirdýralæknir, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru, er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, eiturfjandrotkunar eða drykkjuskaparóreglu, sem geri hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá skýri hann ráðherra frá málavöxtum.

Ráðherra leitar álits lækna ráðs um málið, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef lækna ráð telur það nauðsynlegt, en skjóta má hann máli sínu til dómstólanna.

■ **12. gr.** Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o.þ.h. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum.

■ **13. gr.** Í þeim umdæmum, þar sem mjólkurkýr eru færri en 1600, miðað við skattaframtal næsta árs á undan, er heimilt að greiða héraðsdýralækni staðaruppbót sem nemur hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Staðaruppbót þessi fellur niður þegar kúm í umdæminu fjölga yfir áður nefnda tölu.

□ Þar sem eigi er embættisbústaður í umdæmi héraðsdýralæknis, er heimilt að greiða dýralækni skrifstofustyrk úr ríkissjóði. Styrkur þessi fellur niður, þegar embættisbústaður hefur verið byggður.

■ **14. gr.** Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið til notkunar við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir í þrjú ár að minnsta kosti.

□ Í þessu skyni er heimilt í fjárlögum að gera ráð fyrir sérstakri upphæð til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

□ Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknisáhöldum og tækjum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að

gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

□ Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast, og heim til Íslands aftur að dvöl lokinni.

■ **15. gr.** Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því. Einnig má fela honum tiltekin störf önnur, og hefur hann þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim.

■ **16. gr.** [Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi er sveitarfélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralækna-störf innan umdæmisins eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau sem um getur í 7., 8. og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis. Sveitarfélög njóta styrks til að greiða mönnum sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en $\frac{2}{3}$ þeirra launa sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt [ákvörðun kjaranefndar].¹⁾ Styrkur þessi fellur niður þegar dýralæknir fæst í embættið.]²⁾

¹⁾ L. 83/1997, 86. gr. ²⁾ L. 108/1988, 41. gr.